

arinn, settur sýslumaður og bæjarfógeti Lárus Bjarnason, greiði allan af áfrýjun þessari leiðandi kostnað, það með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra, og greiðist málskostnaðurinn innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 51/1893:

Rjettvísín  
gegn  
Þorvaldi Jónssyni.

#### D ó m u r :

Með aukarjettardómi Skagafjarðarsýslu 25. júlí f. á. var hinn ákærði vinnumaður Þorvaldur Jónsson frá Bæ í Hofshreppi dæmdur samkvæmt 231. gr. 1. almennra hegningarlaga til að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu og til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, þar með taldar 10 kr. til hins skipaða talsmanns hans í hjeraði, prestsins Hallgríms Thorlacíus á Ríp, en dómi þessum er eptir ósk hins dómfellda og fyrir hönd rjettvísinnar skotið til yfirdómsins.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann, er hann var á ferð frá heimili sínu Bæ haustið 1892 fram í sveit og á Saudárkrók, hafi tekið hvítt gimbrarlamb, er varð fyrir honum milli bæjanna Lóns og Lækjar í Viðvíkurhreppi og afhent það í sömu ferðinni öðrum manni upp í skuld. Kveðst hann hafa haldið, að hann ætti lambið, án þess að aðgæta mark á því, af því að það fylgdi

á, sem hann áleit að hann ætti, og saug hana, en seinna var hans eigið lamb rekið heim til hans, og sá hann þá, að hann hafði eigi átt hitt lambið, sem hann fargaði, en hve löngu þetta var, eptir að hann fargaði lambinu, er eigi upplýst í prófum málsins. Hann ljét þó ekki á neinu bera og gerði enga leiðrjettingu á misgripum þessum, en ljét fyrst uppi framangreinda skýrslu, er rannsókn var höfðuð gegn honum út af grun um sauðapjófnað, en hve löngum tíma það var eptir að hann vissi um misgripin, sjest eigi heldur af prófunum. Á umgetinni ferð sinni tók ákærði fleiri kindur, er hann hitti fyrir á leið sinni, og slátraði þeim og seldi afurðir þeirra eða fargaði þeim á annan veg, en þó að nokkur grunur liggi á um, að hann hafi ekki átt allar kindur þessar, eins og hann hefur staðhæft í málinu, þá er þó, eptir því sem fram komið er í málinu, ekki hægt að hrinda skýrslu hans í því efni.

Með því að ákærða eigi verður refsað fyrir framangreinda lambtöku, sem eigi er annað sannað um, en að orðið hafi í misgripum, er honum sjálfum eigi varð kunnugt um, fyr en eptir að hann var búinn að farga lambinu, ber að sýkna hann að því refsingu áhrærir, en með tilliti til framkomu hans eptir að hann hafði heimt sitt eigið lamb og þannig orðið vitandi um misgripin, þykir rjett að hann greiði málskostnað allan bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til talsmanns hans í hjeraði og til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvers þeirra.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Þorvaldur Jónsson á að vera sýkn af

ákæru sóknarans í máli þessu, en greiði allan af rannsókninni og málinu gegn honum í hjerði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða talsmanns í hjerði, Hallgríms prests Thorlacius og hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirjettarmálflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvers þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 4/1894:

Guðbjartur Þórðarson

gegn

H. Andersen.

#### D ó m u r :

Mál þetta hefur H. Andersen sótt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Guðbjarti Þórðarsyni til skaðabóta fyrir sammingsrof o. fl., og var það dæmt 4. janúar þ. á. með þeim úrslitum, að Guðbjartur skyldi greiða Andersen 2000 kr. í skaðabætur og í málskostnað 20 kr.

Með stefnu 20. janúar þ. á., hefur Guðbjartur áfrýjað máli þessi til landsyfirdómsins og þar krafizt, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að hann verði dæmdur sýkn af kröfum stefnda, Andersens, að stefndi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu, og dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir undir- og yfirjetti með einhverri eptir mati rjettarins nægilegri upphæð. Hins vegar hefur stefndi, Andersen, krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði algjörlega staðfestur, að hann verði sýknaður af öllum kærnum og kröfum á-